



Staðsetning rannsóknarholu við Ásmundarnes í Bjarnarfirði á Ströndum

Ómar Bjarki Smáráson

Greinargerð ÓBS-88-07

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
14. júlí 1988

Greinargerð
ÓBS/88-07

**STAÐSETNING RANNSÓKNARHOLU VIÐ ÁSMUNDARNES
Í BJARNARFIRÐI Á STRÖNDUM**

Síðan árið 1975 hefur undirritaður unnið nokkuð að jarðfræði- og jarðhitaathugunum í Kaldrananeshreppi. Helstu atriði í jarðfræði berggrunnsins hafa verið kortlögð, ásamt því að hugað hefur verið að jarðhita og volgrur og laugar á svæðinu hafa verið merkt inn á loftmyndir og kort, sem fylgir með sérstakri greinargerð um jarðhita, ganga misgengi og sprungur á svæðinu (Ómar Bjarki Smárason 1988, OS-Greinargerð ÓBS/88-06).

Dagana 1.-2. nóvember 1987 voru gerðar segulmælingar í Bjarnarfirði, til að auðvelda staðsetningu rannsóknarhola í tengslum við athuganir á möguleika á fiskeldi á svæðinu. Í segulmælingunum við Ásmundarnes koma engin frávik fram (mynd 1).

Að ósk Guðmundar Halldórssonar eiganda jarðarinnar, var engu að síður staðsett þarna hola. Við staðsetninguna var gert ráð fyrir því að volgran niður við veginn (4-301 - 1, ÓBS/86-06) væri tengd sprungu með NNA stefnu, enda eru fleiri volgrur (19°C og 25°C) á línu með þá stefnu um 50 - 100 m ofan við volgruna við veginn.

Halli jarðlaga á þessu svæði er um 7° til ASA. Mikil höggun er á svæðinu austan og vestan við Ásmundarnes. Við staðsetningu holunnar var reiknað með því að jarðhitasprungan væri því sem næst hornrétt á jarðlagahallann, og hallaði um 84°-86° til VNV. Holan var staðsett 15 m VNV frá volgrunni. Samkvæmt því átti holan að skera sprunguna á 140-220 m dýpi.

Vatn kom í holuna í 210 m dýpi. Það er 34,7°C, og rennslið áætlað um 8 l/s (Árni Hjartarson, munnlegar upplýsingar).

Ómar Bjarki Smárason